

því, að þar er ekkert löggilt kauptún, og tollar eigi heldur hafa tilfallið við skipströnd **118**
 eða reka o. s. frv., þá ber hlutaðeigandi reikningshaldara við hver árslok að senda lands- 15. nóv.
 höfðingja neitandi vottorð í þá átt.

6.

Ársreikningum þeim, sem sýslumenn og bæjarfógetar eiga að gjöra fyrir tolltekjunum á yfirstandandi ári, skal fylgja vottorð um, *hve nær* (hvern dag) hin nýju lög um vínfanga- og tóbakstoll, dags. 11. febr. þ. á., hafi verið þinglesin í þinghám þeim í lög-sagnarumæðmum þeirra, þar sem löggilt kauptún eru, og tollur því hefir getað tilfallið.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. nóvember. 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brief* landshöfðingja til sýslumanna og hins setta lögreglustjóra í fjárkládamálinu **119**
 um rit um bráðapest í sauðfje. Til útbýtingar meðal helztu fjáreiganda í sýslu 21. nóv.
 yðar sendist yður hjer með, herra sýslumaður, N. exemplör af riti um bráðapest í sauðfje
 eptir sira Guðmund prófast Einarsson á Breiðabólstað, sem prentað hefir verið með styrk
 úr landssjóði.

Skyldi rit þetta gefa tilefni til þess, að greindir búendur í sýslu yðar tæku eptir öðrum orsökum til áminnstrar fjársýki eða öðrum ráðum við henni en þeim, sem tilgreind eru í ritinu, býzt jeg við að fá skýrslu frá yður um það.

Auglýsing

um póstmál.

120

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 7. þ. m. samþykkt neðannefndar breytingar á 2., 7. og 8. grein auglýsingar frá 3. maí 1872, 21. nóv.

1, að aðalpósturinn frá Akureyri austur í Múlasýslu, er áður hefir gengið milli Akureyrar og Djúpavogs, skuli eptirleiðis ganga frá Akureyri austur á Seyðisfjörð.

2, að aðalpósturinn milli Prestsbakka og Djúpavogs haldi áfram þaðan að Höskuldsstöðum og beint til Seyðisfjarðar.

3, að póstaðgreiðslan á Egilsstöðum verði flutt að Eyðum í Eyðapinghá.

4, að póstgangan frá Egilsstöðum til Vopnafjarðar hætti, en í stað hennar verði látinn ganga aukapóstur milli Grímsstaða og Vopnafjarðar.

5, að póstaðgreiðslumaðurinn á Seyðisfirði fái 70 kr. árslau.

Breytingar þessar öðlast gildi frá 1. janúar 1877, þannig, að pósturinn fer frá Djúpavogi 19. janúar næstkomandi um Höskuldsstaði og Eskifjörð til Seyðisfjarðar, og byrjar þaðan 25. s. m. hina nýju póstgöngu milli Seyðisfjarðar og Akureyrar.

Í sambandi við nefnda breytingu mun aukapóstganga byrja milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar.

Miðsvetrarpósturinn mun eptirleiðis taka bæði brjefa- og bögglasendingar, og flytja þær aðalpostleiðirnar í hinum vanalegu póstskrinum.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 27. nóvbr. 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.